

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
- nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 19. nóvember 2014

**Efni:** Athugasemdir við þingskjal 458 - 356. mál, frumvarp til laga um breytingu á tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, lögum um fjársýsluskatt, tollalögum, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og lögum um búnaðargjald, með síðari breytingum (samræming og einföldun).

Um 3. gr.


Í þessari grein er lagt til að tilvísanir til milliverðlagningarreglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) verði felldar brott úr 1. málsl. 3. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Að mati EY er um óþarfa breytingu að ræða. Tilvísanirnar gegna skýru hlutverki, þ.e. að vísa til reglna sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að fylgja með aðild sinni að OECD. Reglurnar veita ítarlega og skýra leiðbeiningu á sviði milliverðlagningar sem brýn þörf er á nú þegar slíkar reglur hafa nýlega verið lögfestar hér á landi. Ekki er enn farið að reyna á reglur um milliverðlagningu af fullum þunga, en það er ljóst að ákvæðin í 3.-5. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt stikla einungis á stóru og það er fjarri að hafið sé yfir allan vafa hvernig þau ber að túlka. Tilvísanir til milliverðlagningarreglna OECD þjóna skýrum tilgangi og það væri ekki til bóta að fjarlægja þær.

Að lokum þakkar EY fyrir tækifærið til að koma að athugasemdum.

Virðingarfyllst,

Ernst & Young ehf.



Ásta Kristjánsdóttir